

# Syngjandi skóli

# Syngjandi skóli

ISBN 9979-0-0339-1

© 2004 Þórunn Björnsdóttir: Lagaval, kórstjórn og nótna- og textauppsætning

Teikningar og kápa: Anna Cynthia Leplar

Upptökur og hljóðvinnsla: Sigurður Rúnar Jónsson

Uppsætning: Ari Harðarson

Yfirllestur ljóða: Þorsteinn Þorsteinsson

Yfirllestur nótna: Njáll Sigurðsson

Ritstjóri: Ingólfur Steinsson

Prentun: Litróf – umhverfissvottuð prentsmiðja

1. útgáfa 2004

önnur prentun 2008

þriðja prentun 2010

fjórða prentun 2018

Öll réttindi áskilin

Menntamálastofnun

Kópavogi

## FORMÁLI

Árið 1988 tók ég saman lítið sönglagahefti, Syngjum saman, fyrir Námsgagnastofnun og fylgdi því hljóðsnælda með söng og undirleik laganna.

Þessu efni var fyrst og fremst ætlað að efla almennan söng í skólum landsins og fékk það mjög góðar viðtökur um land allt. Tveimur árum seinna fylgdi önnur snælda með Ljóðsprotum og varð hún einnig til þess að hvetja kennara að taka lagið með nemendum sínum. Þetta efni hefur verið ófáanlegt um hríð og hafa margir saknað þess. Var því ákveðið að setja saman þessar tvær útgáfur í eina bók og gefa tónlistina út á geisladiskum. Lögin eru 44 talsins, allt gamlar og góðar söngperlur sem mega ekki glatast í síbylju samtímans. Lögin eru sungin og leikin í þægilegri tónhæð og eiga því allir að geta sungið með. Því miður hefur söngurinn víða átt undir högg að sækja síðustu ár og er með þessu námsefni blásið til sóknar og þess vænst að það eigi eftir að efla samkennd og sönggleði í skólum.

Góða skemmtun!  
Þórunn Björnsdóttir.

# Efnisyfirlit

Aravísur.....	3
Á berjamó .....	4
Á Sprengisandi .....	5
Álfadans .....	6
Bí bí og blaka .....	7
Blessuð sólin elskar allt .....	8
Bráðum kemur betri tíð .....	9
Ef væri ég söngvari .....	10
Einu sinni' á ágústkvöldi .....	11
Erla, góða Erla .....	12
Frjálst er í fjallasal .....	13
Fyrr var oft í koti kátt .....	14
Hafið bláa, hafið .....	15
Heiðlóarkvæði .....	16
Í fjalladal .....	17
Kall sat undir kletti .....	18
Komdu, kisa mín .....	19
Krummavísur .....	20
Krummi krunkar úti .....	21
Kvæðið um fuglana .....	22
Litla kvæðið um litlu hjónin .....	23
Lítill fugl .....	24
Lofsöngur .....	26
Lóan er komin .....	27
Maístjarnan .....	28
Mamma ætlar að sofna .....	29
Nú er sumar .....	31
Nú er vetur úr bæ .....	32
Nú tjaldar foldin fríða .....	33
Ó, blessuð vertu sumarsól .....	34
Ó, fögur er vor fósturjörð .....	35
Ríðum heim til Hóla .....	36
Sá ég spóa .....	37
Seltjarnarnesið er lítið og lágt .....	38
Siggi var úti .....	39
Smaladrengurinn .....	40
Snati og Óli .....	41
Sofðu, unga ástin mín .....	42
Stóð ég úti' í tunglsljósi .....	43
Vér göngum svo léttir í lundu .....	44
Vorvindar glaðir .....	45
Það er leikur að læra .....	46
Þorraþræll .....	47
Öxar við ána .....	48



## Aravísur

Ingibjörg Þorbergs / Stefán Jónsson

1 Hann Ar - i er líf - ill, hann er átta' ár - a trít - ill með aug - u mjög fall - eg og

5 skær. Hann er bar - a sæt - ur, jafn - vel eins er hann græt - ur, og

8 hug - ljúf - ur þeg - ar hann hlær. En spurn - ing - um Ara' er ei

11 auð - velt að svar - a: Mamm - a, af hverju' er him - inn - inn blár? Send - ir

14 guð okk - ur jól - in? Hve göm - ul er sól - in? Pabb - i, því haf - a hund - arn - ir hár? Tra

18 la la la, tra la la la la. Tra la la la, tra la la la la.

Bæði pabba og mömmu  
og afa og ömmu  
þreytir endalaust spurningasuð:  
Hvar er sólin um nætur?  
Hví er sykurinn sætur?  
Afi, gegndu, hver skapaði guð?

Hvar er heimsendir, amma?  
Hvað er eilífðin, mamma?  
Pabbi, af hverju vex á þér skegg?  
Því er afi svo feitur?  
Því er eldurinn heitur?  
Því eiga' ekki hanarnir egg?

Það þykkar í Ara  
ef þau ekki svara  
og þá verður hann ekki rór,  
svo heldur en þegja  
þau svara og segja:  
Þú veist það er verðurðu stór.

Fyrst hik er á svari  
þá hugsar hann Ari  
og hallar þá kannski' undir flatt  
og litla stund þegir,  
að lokum hann segir:  
Þið eigið að segja mér satt.

# Á berjamó

J.A.P. Schulz / Guðmundur Guðmundsson

1 Nú blán - ar yf - ir berj - a - mó og börn - in smá í

5 mos - a - tó og laut - um leik - a sér. Þau kom - a, kom - a

9 kát og létt, á kvik - um fót - um tak - a sprett að

12 tín - a, tín - a ber, að tín - a, tín - a ber.

Nú blánar yfir berjamó,  
og börnin smá í mosató  
og lautum leika sér.  
Þau koma, koma kát og létt,  
á kvikum fótum taka sprett  
að tína, tína ber.

En heima situr amma ein,  
að arni hvílir lúin bein,  
og leikur bros um brá,  
er koma þau með körfur inn  
og kyssa ömmu' á vangann sinn  
og hlæja berjablá.



# Á Sprengisandi

Sigvaldi Kaldalóns / Grímur Thomsen



1 Ríð - um, ríð - um, rek-um yf - ir sand-inn, renn - ur sól á bak við Arn-ar-fell,



5 hér á reiki' er marg-ur ó-hreinn and-inn úr því fer að skyggja' á jök-ul-svell.



9 Drott - inn leið - i drös-ul-inn minn, drjúg-ur verð-ur síð-ast-i á - fang - inn.



13 Drott - inn leið - i drös - ul-inn minn, drjúg-ur verð-ur síð-ast-i á - fang - inn.

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,  
rennur sól á bak við Arnarfell.  
Hér á reiki' er margur óhreinn andinn  
úr því fer að skyggja' á jökulsvell.  
;;Drottinn leiði drösulinn minn,  
drjúgur verður síðasti áfanginn.;;

Þei, þei, þei, þei, þaut í holti tófa,  
þurran vill hún blóði væta góm,  
eða líka einhver var að húa  
undarlega digrum karlaróm.  
;;Útilegumenn í Ódáðahraun  
eru kannski' að smala fé á laun.;;

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,  
rökkrið er að síga' á Herðubreið.  
Álfadrottning er að beisla gandinn,  
ekki' er gott að verða á hennar leið.  
;;Vænsta klárinn vildi' eg gefa til  
að vera kominn ofan í Kiðagil.;;



# Álfadans

Helgi Helgason / Sæmundur Eyjólfsson

1 Nú er glatt í hverjum hól, hátt nú all - ir kveð - i.

3 Hinst -u nótt um heil - ög jól höld - um álf - a - gleð - i.

5 Fag - urt er rökr - ið við ramm-an vætt - a söng.

7 Syngj-um dátt og döns - um því nótt - in er svo löng.

9 Syngj-um dátt og döns - um því nótt - in er svo löng.

Nú er glatt í hverjum hól,  
hátt nú allir kveði,  
hinstu nótt um heilög jól,  
höldum álfagleði.

Fagurt er rökkrið  
við ramman vættasöng,  
;;;syngjum dátt og dönsum  
því nóttin er svo löng.;;;

Kátir ljúflings kveðum lag,  
kveðum Draumbót snjalla,  
kveðum glaðir Gýgjarslag,  
glatt er nú á hjalla.

Fagurt er rökkrið  
við ramman vættasöng,  
;;;syngjum dátt og dönsum  
því nóttin er svo löng.;;;

Veit ég Faldafeykir er,  
fáránlegur slagur,  
og hann þreyta ætlum vér,  
áður en rennur dagur.

Fagurt er rökkrið  
við ramman vættasöng,  
;;;syngjum dátt og dönsum  
því nóttin er svo löng.;;;

Síðast reynum Rammaslag,  
- rökkva látum betur,  
það hið feiknum fyllta lag,  
fjörgað dansinn getur.

Fagurt er rökkrið  
við ramman vættasöng,  
;;;syngjum dátt og dönsum  
því nóttin er svo löng.;;;





# Blessuð sólin elskar allt

*F. Mendelssohn / Hannes Hafstein*

1 Bless-uð sól - in elsk - ar allt, allt með koss - i vek - ur,

5 hag-inn grænn og hjarn-ið kalt henn-ar ást-um tek - ur.

Blessuð sólin elskar allt,  
allt með kossi vekur,  
haginn grænn og hjarnið kalt  
hennar ástum tekur.

Geislar hennar út um allt  
eitt og sama skrifa,  
á hagann græna, hjarnið kalt,  
himneskt er að lifa.



# Bráðum kemur betri tíð

Ingi T. Lárusson / Halldór Laxness

The musical score is written in treble clef with a key signature of three sharps (F#, C#, G#). It consists of two staves. The first staff starts with a 2/4 time signature, changes to 3/4, and then back to 2/4. Chords E, A, and E are indicated above the notes. The second staff starts with a 2/4 time signature and has chords C#s, Fism, H, and E indicated above the notes. The lyrics are written below the notes.


1 Bráð-um kem - ur betr - i tíð með blóm í hag - a,

4 sæt - a lán - g - a sum - ar - dag - a, sæt - a lán - g - a sum - ar - dag - a.

Bráðum kemur betri tíð með blóm í haga,  
sæta lánnga sumardaga.

Þá er gaman að trítla' um tún og tölta' á eingi,  
einkum fyrir únga dreingi.

Folöldin þá fara' á sprett og fuglinn sýngur,  
og kýrnar leika við kvurn sinn fíngur.



# Ef væri ég söngvari

Weber / Páll J. Árdal



Ef væri ég söngvari  
syngi ég ljóð  
;;;um sólina, vorið  
og land mitt og þjóð.;;;

En mömmu ég gæfi  
mín ljúfustu ljóð.  
Hún leiðir mig, verndar  
og er mér svo góð.;;;

Ef gæti ég farið  
sem fiskur um haf  
;;;ég fengi mér dýrustu  
perlur og raf.;;;

Og rafið ég geymdi  
og gæfi ekki braut  
;;;en gerði 'enni mömmu úr  
perlunum skraut.;;;

Ef kynni' eg að sauma  
ég keypti mér lín  
;;;og klæði ég gerði mér  
snotur og fín.;;;

En mömmu úr silki  
ég saumaði margt  
;;;úr silfri og gulli,  
hið dýrasta skart.;;;





# Einu sinni' á ágústkvöldi

Jón Múli Árnason / Jónas Árnason

Ein - u sinni' á á - gúst - kvöld - i aust - ur í Þing - vall - a - sveit

gerð - ist í du - litl - u - drag - i du - líftið sem eng - inn veit,

nem - a við og nokkr - ir þrest - ir og kjarr - ið græn - a inn - í Bol - a - bás og

Ár - manns - fell - ið fag - ur - blátt og fann - ir Skjald - breið - ar og hraun - ið fyr - ir sunn - an Eykt - ar - ás.

Þó að æv - i - ár - in hverf - i út á tím - ans grá - a rökk - ur - veg, við

sam - an mun - um geym - a þetta ljúf - a leynd - ar - mál, land - ið okk - ar góð - a, þú og ég.

Einu sinni' á ágústkvöldi  
 austur í Þingvallasveit  
 gerðist í dulitlu dragi  
 dulítið, sem enginn veit,  
 nema við og nokkrir þrestir  
 og kjarrið græna inní Bolabás  
 og Ármannsfellið fagurblátt  
 og fannir Skjaldbreiðar  
 og hraunið fyrir sunnan Eyktarás.  
 Þó að æviárin hverfi  
 út á tímans gráa rökkurveg,  
 við saman munum geyma þetta ljúfa leyndarmál  
 landið okkar góða, þú og ég.

# Erla, góða Erla

Sigvaldi Kaldalóns / Stefán frá Hvítadal

1 Erl - a, góð - a Erl - a. Ég á að vagg - a þér.

5 Svíf þú inn í svefn - inn í söng frá vör - um mér.

9 Kvæð - ið mitt er kveld - ljóð, því kveld - sett löng - u er.

13 Kvæð - ið mitt er kveld - ljóð, því kveld - sett löng - u er.

Erla, góða Erla.  
Ég á að vagga þér.  
Svíf þú inn í svefninn  
í söng frá vörum mér.  
;;Kvæðið mitt er kvöldljóð  
því kveldsett löngu er.;;

Úti þeysa álfar  
um ísi lagða slóð.  
Bjarma slær á bæinn  
hið bleika tunglskinsflóð.  
;;Erla, hjartans Erla,  
nú ertu þæg og góð!;;

Æskan geymir elda  
og ævintýraþrótt.  
Tekur mig með töfrum  
hin tunglskinsbjarta nótt.  
;;Ertu sofnuð, Erla?  
Þú andar létt og rótt.;;

Hart er mannsins hjarta  
að hugsa mest um sig.  
Kveldið er svo koldimmt,  
ég kenndi' í brjósti' um mig.  
;;Dýrlega þig dreymi,  
og drottinn blessi þig.;;

## Frjálst er í fjallasal

Fr. Kuhlau / Steingrímur Thorsteinsson

1 Frjálst er í fjall - a - sal, fag - urt í skóg - ar - dal,

5 heil - næmt er heið - loft - ið tær - a.

9 Hátt yf - ir hamr - a - kór him - inn - inn blár og stór

13 lyft - ist með ljós - hvolf - ið skær - a.

Frjálst er í fjallasal,  
fagurt í skógardal,  
heilnæmt er heiðloftið tæra.  
Hátt yfir hamrakór  
himinninn blár og stór  
lyftist með ljóshvolfið skæra.

Hér uppi' í hamrabröng  
hefjum vér morgunsöng  
glatt fyrir góðvætta hörgum:  
Viður vor vökuljóð  
vakna þú, sofin þjóð!  
Björt ljómar sól yfir björgum.

Er sem oss ómi mót  
Íslands frá hjartarót  
bergmálsins blíðróma strengir.  
Söngbylgjan hlíf úr hlíf  
hljómandi, sigurblið  
les sig og endalaust lengir.



# Fyrr var oft í koti kátt

Friðrik Bjarnason / Þorsteinn Erlingsson

1 Fyrr var oft í kot - i kátt, krakk - ar lék - u sam - an.

3 Þar var löng - um hleg - ið hátt, hent að mörg - u gam - an.

5 Úti' um stétt - ar urð - u þar ein - att skrítn - ar sög - ur,

7 þeg - ar sam - an safn - ast var sum - ar - kvöld - in fög - ur.

Fyrr var oft í koti kátt,  
krakkar léku saman.  
Þar var löngum hlegið hátt,  
hent að mörgu gaman.  
Úti' um stéttar urðu þar  
einatt skrítnar sögur  
þegar saman safnast var  
sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá  
oft á milli bæja  
til að kankast eitthvað á  
eða til að hlæja.  
Margt eitt kvöld og margan dag  
máttum við í næði  
æfa saman eitthvert lag  
eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá  
Hlíðar brekkum undir  
er svo margt að minnast á,  
margar glaðar stundir.  
Því vill hvarfla hugurinn,  
heillavinir góðir,  
heim í gamla hópinn minn,  
heim á fornar slóðir.



# Hafið bláa, hafið

Friðrik Bjarnason / Örn Arnarson

1 Haf-ið blá-a, haf - ið hug-ann dreg -ur. Hvað er bak við yst - u sjón - ar-rönd?

5 Þang-að ligg-ur beinn og breið-ur veg - ur, bíða mín þar æsk - u - draum-a lönd.

9 Beggja skaut-a byr bauðst mér aldr-ei fyr. Brun-a þú nú, bát - ur minn.

13 Svífðu segl-um þönd-um, svífðu burt frá strönd-um. Fyr-ir stafn-i haf og him -inn -inn.

Hafið bláa, hafið hugann dregur.  
 Hvað er bak við ystu sjónarrönd?  
 Þangað liggur beinn og breiður vegur.  
 Bíða mín þar æskudraumalönd.  
 Beggja skauta byr  
 bauðst mér aldrei fyr.  
 Bruna þú nú, bátur minn.  
 Svífðu seglum þöndum,  
 svífðu burt frá ströndum.  
 Fyrir stafni haf og himinninn.



# Heiðlóarkvæði

Þjóðlag / Jónas Hallgrímsson

1 Snemm-a ló - an litl - a í loft - i blá - u „dírr - in - dí“

5 und - ir sól - u syng - ur: „Lof - ið gæsk - u gjaf - ar - ans,

9 græn - ar er - u sveit - ir lands, fag - ur him - in - hring - ur.“

Snemma lóan litla í  
lofti bláu, „dírrindí“  
undir sólu syngur:  
„Lofið gæsku gjafarans,  
grænar eru sveitir lands,  
fagur himinhringur.“

Ég á bú í berjamó  
börnin smá í kyrrð og ró  
heima' í hreiðri bíða.  
Mata' eg þau af móðurtryggð  
maðkinn tíni þrátt um byggð  
eða flugu fríða.“

Lóan heim úr lofti flaug  
- ljómaði sól um himinbaug,  
blómi grær á grundu -  
til að annast unga smá.  
Alla étið hafði þá  
hrafn fyrir hálfri stundu.



# Í fjalladal

*Þýskt lag / Guðmundur Guðmundsson*

1 *E* *H* *E*  
 Í fjall - a - dal, í fjall - a - dal er fag - urt oft á vor - in. Er

6 *A* *E* *H7* *E*  
 grænk - ar hlíð og gló - a blóm og glym - ur loft af svan - a - hljó - m. Í

10 *H* *E*  
 fjall - a - sal, í fjall - a - sal er fag - urt oft á vor - in.



Í fjalladal, í fjalladal  
 er fagurt oft á vorin.  
 Er grænkar hlíð og glóa blóm  
 og glymur loft af svanahljó - m.  
 Í fjallasal, í fjallasal  
 er fagurt oft á vorin.

Í fjalladal, í fjalladal  
 er fagurt oft á haustin.  
 Er hríngað tindrar lauf og lyng  
 og ljómar tunglskin allt í kring.  
 Í fjallasal, í fjallasal  
 er fagurt oft á haustin.

# Kall sat undir kletti

Jórunn Viðar / Halldóra B. Björnsson

1 Kall sat und - ir klett - i og kord - ur sín - ar sló, hann

5 hafði - i skegg svo skrí - tið og skög - ul - tönn og hló, hann

9 hafði - i skegg svo skrí - ti - legt og skög - ul - tönn og hló.

Kall sat undir kletti  
og kordur sínar sló,  
hann hafði skegg svo skrítið  
og skögultönn og hló,  
hann hafði skegg svo skrítilegt  
og skögultönn og hló.

Huldan upp í hamri  
heyrði ljúfan klið,  
hún læddist út úr hamri  
og lagði eyrun við,  
hún læddist út úr hamrinum  
og lagði eyrun við.

Síðan hefur hvorugt  
hér um slóðir sést.  
Sá gamli var víst ekki  
eins gamall og hann lést.  
Sá gamli var víst ekki nærri'  
eins gamall og hann lést.



# Komdu, kisa mín

Skoskt lag / óþekktur höfundur

Am Dm6 Am E Am

1 Komd-u, kis - a mín, kló er fall - eg þín og grátt þitt gaml - a trýn. Mik-ið

Dm6 Am E Am

6 mal - ar þú, mér það lík - ar nú, víst ert - u vænst - a hjú. Ban-ar


C G Am E Am

10 margr-i mús, mitt þú frið - ar hús. Ekki' er í þér lús, oft þú spil - ar brús. Und-ra -

Dm6 Am E Am

14 snið-ug, létt og lið-ug, leik-ur bæði snör og fús. Við skul - um drekk - a dús.

Komdu, kisa mín,  
kló er falleg þín  
og grátt þitt gamla trýn.  
Mikið malar þú,  
mér það líkar nú,  
víst ertu vænsta hjú.  
Banar margri mús,  
mitt þú friðar hús.  
Ekki' er í þér lús,  
oft þú spilar brús.  
Undrasniðug, létt og liðug  
leikur bæði snör og fús.  
Við skulum drekka dús!



## Krummavísur

Íslenskt þjóðlag / Jón Thoroddsen

1 Krumm-i svaf í klett-a - gjá kaldr - i vetr - ar - nótt - u á,  
 5 verð-ur margt að mein - i, verð-ur margt að mein - i.  
 9 Fyr en dag - ur fag - ur rann freð - ið nef - ið dreg - ur hann  
 13 und - an stór - um stein - i, und - an stór - um stein - i.

Krummi svaf í klettagjá  
 kaldri vetrarnóttu á,  
 ;;verður margt að meini,;;  
 fyrir en dagur fagur rann  
 freðið nefið dregur hann  
 ;;undan stórum steini.;;

Á sér krummi ýfði stél,  
 einnig brýndi gogginn vel,  
 ;;flaug úr fjallagjótum.;;  
 Lítur yfir byggð og bú,  
 á bæjum fyrir en vakna hjú;  
 ;;veifar vængjum skjótum.;;

Sálaður á síðu lá  
 sauður feitur garði hjá,  
 ;;fyrrum frá á velli.;;  
 „Krúnk, krúnk! nafnar, komið hér!  
 krúnk, krúnk! því oss búin er  
 ;;krás á köldu svelli.”;;



# Krummi krunkar úti

*Þjóðlag / Húsgangur*

1 Krumm - i krunk - ar út - i, kall - ar á nafn - a sinn:

5 „Ég fann höf - uð af hrút - i, hrygg og gær - u - skinn.

9 Komd - u nú og kropp - að - u með mér, krumm - i nafn - i minn.

13 Komd - u nú og kropp - að - u með mér, krumm - i nafn - i minn.“

Krummi krunkar úti,  
 kallar á nafna sinn:  
 „Ég fann höfuð af hrúti,  
 hrygg og gæruskinn.  
 ;;Komdu nú og kroppaðu með mér,  
 krummi, nafni minn.“;;

# Kvæðið um fuglana

Atli H. Sveinsson / Davíð Stefánsson

1 Snert hörp-u mín - a, him - in - born - a dís, \_\_\_\_\_ svo

4 hlust - i engl-ar guðs í Par - a - dís. \_\_\_\_\_ Við göt - u mín - a fann ég fjal - ar -

7 stúf, \_\_\_\_\_ og fest - i á hann streng og rauð-an skúf. \_\_\_\_\_

Snert hörpu mína, himinborna dís,  
svo hlusti englar guðs í Paradís.  
Við götu mína fann ég fjalarstúf  
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó  
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.  
Í huganum til himins oft ég svíf  
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Peir geta sumir synt á læk og tjörn,  
og sumir verða alltaf lítil börn.  
En sólin gyllir sund og bláan fjörð  
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjabyt.  
Um varpann leikur draumsins perluglit.  
Snert hörpu mína himinborna dís,  
og hlustið, englar guðs í Paradís.



## Litla kvæðið um litlu hjónin

Páll Ísólffsson / Davíð Stefánsson

1 Við lít - inn vog í litl - um bæ er lít - ið hús, lít - ið hús. Í

6 leyn - i inni' í lág - um vegg er lít - il mús, lít - il mús. Um

10 litl - ar stof - ur læð - ast hæg og lít - il hjón, því lág - vax - in er

14 litl - a Gunna' og litl - i Jón.

Við lítinn vog í litlum bæ  
er lítið hús.  
Í leyni inni' í lágum vegg  
er lítil mús.  
Um litlar stofur læðast hæg  
og lítil hjón  
því lágvaxin er litla Gunna  
og litli Jón.

Þau eiga lágt og lítið borð  
og lítinn disk,  
og litla skeið og lítinn hníf  
og lítinn fisk,  
og lítið kaffi, lítið brauð  
og lítil grjón  
því lítið borða litla Gunna  
og litli Jón.

Þau eiga bæði létt og lítið  
leyndarmál,  
og lífið gaf þeim lítinn heila  
og litla sál,  
þau miða allt sitt litla líf  
við lítinn bæ  
og lágan himin, litla jörð  
og lygnan sæ.

Þau höfðu lengi litla von  
um lítil börn,  
sem léku sér með lítil skip  
við litla tjörn,  
en loksins sveik sú litla von  
þau litlu flón  
og lítið elskar litla Gunna  
litla Jón.

## Lítill fugl

Sigfús Halldórsson / Örn Arnarson



1 Lít - ill fugl á laug-um teig - i los-ar blund á mos-a - sæng,

*F Gm C7 F*

5 heils-ar glað-ur heið-um deg - i, hrist-ir silf-ur-dögg af væng.

*Gm G C7*

9 Flýg - ur upp í him-in - heið - ið, hef - ur geisl-a-straum í fang,

*F Gm C7 F*

13 sigl - ir morg-un-sval-a leið - ið, sest á há - an klett - a - drang.

*Gm C7 F*

17 Þyk-ist öðr-um þröst-um meir - i, þen-ur brjóst og sperr-ir stél,

*G C G C*

21 vill að all-ur heim-ur heyr - i hvað hann syng-ur list-a - vel.

*A Dm G C*


25 Skín úr aug-um skálds-ins gleð - i, skelf-ur rödd við ljóð-in ný

*F Gm C7 F*

29 þó að all - ir þrest-ir kveð - i þett - a sam - a dýr - i - dí.

*Gm G C7*





Lítill fugl á laufgum teigi  
losar blund á mosasæng,  
heilsar glaður heiðum degi,  
hristir silfurdögg af væng.



Flýgur upp í himinheiðið,  
hefur geislastraum í fang,  
siglir morgunsvala leiðið,  
sest á háan klettadrang.

Þykist öðrum þröstum meiri,  
þenur brjóst og sperrir stél,  
vill að allur heimur heyri  
hvað hann syngur listavel.

Skín úr augum skáldsins gleði,  
skelfur rödd við ljóðin ný  
þó að allir þrestir kveði  
þetta sama dirridí.

Litli fuglinn ljóða vildi  
listabrag um vor og ást.  
Undarlegt að enginn skyldi  
að því snillardarverki dást.



## Lofsöngur

Sveinbjörn Sveinbjörnsson / Matthías Jochumsson

1 Ó, guð vors lands! Ó, lands vors guð, vér lof - um þitt heil - ag - a,

5 heil - ag - a nafn. Úr sól - kerf - um himn - ann - a hnýt - a þér krans þín - ir

8 her - skar - ar, tím - ann - a safn. Fyr - ir þér er einn dag - ur sem þús - und ár og

12 þús - und ár dag - ur, ei meir, eitt ei - lífð - ar smá - blóm með titr - and - i tár sem

16 til - bið - ur guð sinn og deyr. Ís - lands þús - und ár, Ís - lands þús - und ár, eitt

20 ei - lífð - ar smá - blóm með titr - and - i tár sem til - bið - ur guð sinn og deyr.

Ó, guð vors lands, ó, lands vors guð,  
 vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn.  
 Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans  
 þínir herskarar, tímanna safn.  
 Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár  
 og þúsund ár dagur, ei meir,  
 eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár  
 sem tilbiður guð sinn og deyr.  
 Íslands þúsund ár, Íslands þúsund ár.  
 Eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár  
 sem tilbiður guð sinn og deyr.

# Lóan er komin

Amerískt lag / Páll Ólafsson



1 Ló - an er kom - in að kveð - a burt snjó-inn, að kveð - a burt




6 leið - ind - in, það get - ur hún. Hún hef - ur sagt mér að



11 senn kom - i spó - inn, sól - skin í dal - i og blómst - ur í tún.



17 Hún hef - ur sagt mér til synd - ann - a minn - a, ég sof - i of



22 mik - ið og vinn - i ekk - i hót. Hún hef - ur sagt mér að



27 vakn - a og vinn - a og von - glað - ur tak - a nú sumr - in - u mót.

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,  
að kveða burt leiðindin, það getur hún.  
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,  
sólskin í dali og blómstur í tún.  
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,  
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.  
Hún hefur sagt mér að vakna og vinna  
og vonglaður taka nú sumrinu mót.



# Maístjarnan

Jón Ásgeirsson / Halldór Laxness

1 Ó hve létt er þitt skó - hljóð og hve leing - i ég beið þín, það er

4 vor - hret á glugg - a, nap - ur vind - ur sem hvín, en ég

6 veit ein - a stjörn - u, ein - a stjörn - u sem skín, og nú

8 loks ert - u kom - in, þú ert kom - in til mín.

Ó hve létt er þitt skóhljóð  
og hve leingi ég beið þín,  
það er vorhret á glugga,  
napur vindur sem hvín,  
en ég veit eina stjörnu,  
eina stjörnu sem skín,  
og nú loks ertu komin,  
þú ert komin til mín.

Það eru' erfiðir tímar,  
það er atvinnuþref,  
ég hef ekkert að bjóða,  
ekki ögn sem ég gef,  
nema von mína og líf mitt  
hvort ég vaki' eða sef,  
þetta eitt sem þú gafst mér  
það er alt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri  
sérhvers vinnandi manns,  
og á morgun skín maísól,  
það er maísólin hans,  
það er maísólin okkar,  
okkar einíngarbands,  
fyrir þér ber ég fána  
þessa framtíðarlands.

# Mamma ætlar að sofna

Sigvaldi Kaldalóns / Davíð Stefánsson

1 Sest - u hérn - a hjá mér, syst - ir mín góð. Í

5 kvöld skul-um við ver - a kyrr - lát og hljóð. Í

9 kvöld skul-um við ver - a kyrr - lát af því að

13 mamm - a ætl - ar að reyna' að sofn - a rökr - in - u í.

17 Mamm - a ætl - ar að sofn - a. Mamm - a er svo þreytt. Og

21 sum - ir eig - a sorg - ir sem svefn - inn get - ur eytt.

25 Sum - ir eig - a sorg - ir og sum - ir eig - a þrá sem

29 að - eins í draum - heim - um upp - fyll - ast má. Í

The musical score is written in treble clef with a key signature of one sharp (F#) and a 6/8 time signature. The melody is simple and folk-like. Chords are indicated by letters above the staff: E, A, H7, Em, Am, and H. The lyrics are in Icelandic and describe a mother's worry about her child falling asleep.

33 kvöld skul-um við ver - a kyrr - lát og hljóð.

37 Mamm - a ætl - ar að sofn - a, syst - ir mín góð.

Sestu hérna hjá mér,  
systir mín góð.  
Í kvöld skulum við vera  
kyrrlát og hljóð.

Í kvöld skulum við vera  
kyrrlát af því  
að mamma ætlar að reyna' að sofna  
rökkrinu í.

Mamma ætlar að sofna.  
Mamma er svo þreytt.  
Og sumir eiga sorgir  
sem svefninn getur eytt.

Sumir eiga sorgir  
og sumir eiga þrá  
sem aðeins í draumheimum  
uppfyllast má.

Í kvöld skulum við vera  
kyrrlát og hljóð.  
Mamma ætlar að sofna,  
systir mín góð.



# Nú er sumar

Weyse / Steingrímur Thorsteinsson

1 *B* Nú er sum - ar, gleð - ist gum - ar, gam - an er í dag. *F*

5 *B* Bros - ir ver - öld víð - a, *F7* veð - ur - lags - ins blíð - a *B* *F7*

9 *B* eyk - ur ynd - is - hag, *F7* eyk - ur ynd - is - hag. *B*

Nú er sumar,  
gleðjist gumar,  
gaman er í dag.  
Brosir veröld víða,  
veðurlagsins blíða  
;;eykur yndishag.;;

Látum spretta  
spori léttu  
spræka fáka nú.  
Eftir sitji engi,  
örvar víf og drengi  
;;sumarskemmtun sú.;;

Tíminn líður,  
tíminn býður  
sælan sólskinsdag.  
Yndi er úti' á grundum,  
yndi heim þá skundum  
;;seint um sólarlag.;;



# Nú er vetur úr bæ

*Þjóðlag / Jónas Hallgrímsson*

1 Nú er vet - ur úr bæ, rann í sef - græn - an sæ og þar

4 sef - ur í djúp - in - u vær - a. En sum - ar - ið blítt kem-ur

7 fag - urt og frítt með-ur fjör - gjaf - ar - ljós - in - u skær - a.

Nú er vetur úr bæ,  
 rann í sefgrænan sæ  
 og þar sefur í djúpinu væra.  
 En sumarið blítt  
 kemur fagurt og frítt  
 meður fjörgjafarljósinu skæra.



# Nú tjaldar foldin fríða

W. A. Mozart / Þorsteinn Erlingsson

1 Nú tjald - ar fold - in fríð - a sinn fagr - a blóm - a - sal. Nú

6 skal ég létt - ur líð - a um lífs - ins tár - a - dal. Mér

10 finnst oss auðn - an fá - i þar fagr - a rós - a braut þótt

14 all - ir aðr - ir sjá - i þar að - eins böl og þraut.

Nú tjaldar foldin fríða  
sinn fagra blómasal.  
Nú skal ég léttur líða  
um lífsins táradal.  
Mér finnst oss auðnan fá  
þar fagra rósabraut  
þótt allir aðrir sjái  
þar aðeins böl og þraut.



# Ó, blessuð vertu sumarsól

Ingi T. Lárusson / Páll Ólafsson

1 Ó, bless-uð vert-u, sum-ar-sól, er sveip-ar gull-i dal og hól og

6 gyll-ir fjöll-in him-in-há og heið-ar-vötn-in blá. Nú

10 foss-ar, læk-ir, unn-ir, ár sér un-a við þitt gyllt-a hár. Nú

14 fell-ur heit-ur hadd-ur þinn um hvít-a jök-ul-kinn.

Ó, blessuð vertu, sumarsól,  
er sveipar gulli dal og hól  
og gyllir fjöllin himinhá  
og heiðarvötnin blá.  
Nú fossar, lækir, unnir, ár  
sér una við þitt gyllta hár,  
nú fellur heitur haddur þinn  
um hvíta jökulkinn.

Þú klæðir allt í gull og glans,  
þú glæðir allar vonir manns  
og hvar sem tárin kvika' á kinn  
þau kyssir geislinn þinn.  
Þú fyllir dalinn fuglasöng,  
nú finnast ekki dægrið löng,  
og heim í sveitir sendirðu' æ  
úr suðri hlýjan blæ.

Þú frjónugar, gleður, fæðir allt  
um fjöll og dali' og klæðir allt,  
og gangirðu' undir gerist kalt,  
þá grætur þig líka allt.  
Ó, blessuð vertu, sumarsól,  
er sveipar gulli dal og hól  
og gyllir fjöllin himinhá  
og heiðarvötnin blá.

# Ó, fögur er vor fósturjörð

V. Schiött / Jón Thoroddsen

1 Ó, fög - ur er vor fós t - ur - jörð um fríð - a sum - ar - dag - a, er

6 lauf - in græn - u litk - a börð og leik - ur hjörð í hag - a en

10 dal - ur lyft - ir blárr - i brún mót blíð - um sól - ar - log - a og

14 glitr - ar flöt - ur, gló - ir tún og gyll - ir sunn - a vog - a, og

18 glitr - ar flöt - ur, gló - ir tún og gyll - ir sunn - a vog - a.

Ó, fögur er vor fósturjörð  
um fríða sumardaga  
er laufin grænu litka börð  
og leikur hjörð í haga  
en dalur lyftir blárri brún  
mót blíðum sólarloga  
;;og glitrar flötur, glóir tún  
og gyllir sunna voga.;;

Og vegleg jörð vor áa er  
með ísi þakta tinda,  
um heiðrík kvöld að höfði sér  
nær hnýtir gullna linda  
og logagneistum stjörnur strá  
um strindi, hulið svellum  
;;en hoppa álfar hjarni á  
svo heyrir dun í fellum.;;

Dú fósturjörðin fríð og kær  
sem feðra hlúir beinum  
og lífið ungu frjóvi fær  
hjá fornum bautasteinum,  
ó, blessuð vertu, fagra fold  
og fjöldinn þinna barna,  
;;á meðan gróa grös í mold  
og glóir nokkur stjarna.;;

# Ríðum heim til Hóla

Gebauer / Guðmundur Guðmundsson

1 Ríð-um heim til Hól - a. Pabb - a kné er klár-inn minn,

5 kist - ill mömm-u fák - ur þinn. Ríð - um heim til Hól - a.

Ríðum heim til Hóla.  
Pabba kné er klárinn minn,  
kistill mömmu fákur þinn.  
Ríðum heim til Hóla.

Ríðum út að Ási.  
Ef við höfum hraðann á,  
háttum þar við skulum ná.  
Ríðum út að Ási.

Ríðum heim að Hofi.  
Senn er himni sólin af,  
sigin ljós í vesturhaf.  
Ríðum heim að Hofi.





# Sá ég spóa

*Höfundur ókunnur / Þjóðvísa*


1. *E H E* 2. *H E*

1 Sá ég spó - a suðr - í fló - a. Syng - ur ló - a út um mó - a:

3. *H E* 4. *H E*

5 „Bí, bí, bí, bí.“ Vor - ið er kom - ið víst á ný.

Sá ég spóa suðrí flóa.  
 Syngur lóa út um móa.  
 „Bí, bí, bí, bí.“  
 Vorið er komið víst á ný.



# Seltjarnarnesið er lítið og lágt

Bjarni Guðmundsson og Lárus Ingólfsson / Þórbergur Þórðarson

1 Sel-tjarn-ar-nes-ið er líft-ið og lágt. Líf-a þar fá-ir og hugs-a smátt.

5 Aldr-ei líft-a þeir sum-ar né sól. Sál þeirra' er blind eins og klerk-ur í stól.

9 Aldr-ei líft-a þeir sum-ar né sól. Sál þeirra' er blind eins og klerk-ur í stól.



Seltjarnarnesið er lítið og lágt.  
Lífa þar fáir og hugsa smátt.  
;;Aldrei líta þeir sumar né sól.  
Sál þeirra' er blind eins og klerkur í stól.;;

Konurnar skvetta úr koppum á tún.  
Karlarnir vinda segl við hún.  
;;Draga þeir marhnút í drenginn sinn.  
Duus kaupir af þeim málfiskinn.;;

Kofarnir ramba þar einn og einn.  
Ósköp leiðist mér þá að sjá.  
;;Prestkona fæddist í holtinu hér.  
Hún giftist manni sem hlær að mér.;;

Já, Seltjarnarnesið er lítið og lágt.  
Lífa þar fáir og hugsa smátt.  
;;Á kvöldin heyrast þar kynjahljóð.  
Komið þér sælar, jómfrú góð!;;

# Siggi var úti

Norskt þjóðlag / Jónas Jónasson

1 Sigg - i var út - i með ærn - ar í hag - a,

5 all - ar hann hafði - i þær suð - ur í mó.

9 Smeyk - ur um holt - in var hann að vag - a,

13 vissi' hann að lág - fót - a dæld - irn - ar smó.

17 Ga, ga, ga, kvað tóf - an á grjót - í.

21 Grá - um aug - un - um trú - i ég hún gjót - i.

25 Aum - ingj - a Sigg - i, hann ei þor - ir heim.

Siggi var úti með ærnar í haga,  
 allar hann hafði þær suður í mó.  
 Smeykur um holtin var hann að vaga,  
 vissi' hann að lágfóta dældirnar smó.  
 .: Ga, ga, ga, kvað tófan á grjóti.:  
 Gráum augunum trúi ég hún gjóti.  
 Aumingja Siggi, hann ei þorir heim.

# Smaladrengurinn

Skúli Halldórsson / Steingrímur Thorsteinsson

1 Út um græn-a grund-u gakkt-u, hjörð-in mín. Ynd - i vors-ins und - u,

4 eg skal gæt - a þín. Sólar og vor ég syng um, snert-i gleð-i - streng.

7 Leik - ið, lömb, í kring - um líft - inn smal - a - dreng.

Út um græna grundu  
gakktu, hjörðin mín.  
Yndi vorsins undu,  
eg skal gæta þín.

Sól og vor ég syng um,  
snerti gleðistreng.  
Leikið, lömb, í kringum  
lítinn smaladreng.

# Snati og Óli

Páll Ísólfsón / Þorsteinn Erlingsson

Heyrðu snöggvast, Snati minn,  
 snjalli vinur kærí,  
 heldurðu' ekki hringinn þinn  
 ég hermannlega bæri?

Lof mér nú að leika að  
 látúnshálgjörð þinni.  
 Ég skal seinna jafna það  
 með jólaköku minni.

Jæja þá, í þetta sinn  
 þér er heimil ólin.  
 En hvenær koma, kærí minn,  
 kakan þín og jólin?



## Sofðu, unga ástin mín

Íslenskt þjóðlag / Jóhann Sigurjónsson

1 Sofðu - u, ung - a ást - in mín, út - i regn - ið græt - ur.

*Fm C7 Fm Bm C*

5 Mamm - a geym - ir gull - in þín, gaml - a leggi' og völ - u - skrín.

*Fm Des Es7 As C Fm G7 C*

9 Við skul - um ekk - i vaka' um dimm - ar næt - ur.

*C Fm Bm6 F C C7 Fm*

Sofðu, unga ástin mín,  
 úti regnið grætur.  
 Mamma geymir gullin þín,  
 gamla leggi' og völuskrín.  
 Við skulum ekki  
 vaka' um dimmar nætur.

Það er margt sem myrkrið veit,  
 minn er hugur þungur.  
 Oft ég svarta sandinn leit  
 sviða grænan engireit.  
 Í jöklinum hljóða  
 dauðadjúpar sprungur.

Sofðu lengi, sofðu rótt,  
 seint mun best að vakna.  
 Mæðan kenna mun þér fljótt,  
 meðan hallar degi skjótt,  
 að mennirnir elska,  
 missa, gráta' og sakna.



## Stóð ég úti' í tunglsljósi

Þjóðlag / Jónas Hallgrímsson

1 Stóð ég úti' í tungls - ljós - i, stóð ég út við skóg.

5 Stór - ir kom - u skar - ar, af álf - um var þar nóg.

9 Blés - u þeir á söng - lúðra' og bar þá að mér fljótt,

13 bjöll - urn - ar gull - u á heið - skírr - i nótt,

17 bjöll - urn - ar gull - u á heið - skírr - i nótt.



Stóð ég úti' í tunglsljósi, stóð ég út við skóg.  
Stórir komu skarar, af álfum var þar nóg.  
Blésu þeir á sönglúðra' og bar þá að mér fljótt,  
;;(og) bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt.;;

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir grund.  
Hornin jóa gullroðnu bliku við lund  
eins og þegar álfir af ísa grárri spöng  
;;fljúga suður heiði með fjaðrapyt og söng.;;

Heilsaði' hún mér drottningin og hló að mér um leið,  
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.  
Var það út af ástinni ungu sem ég ber  
;;eða var það feigðin sem kallar að mér?;;



# Vér göngum svo léttir í lundu

Felix Körling / Freysteinn Gunnarsson

1 Vér göng - um svo létt - ir í lund - u því lífs - gleð-in bros - ir oss

5 við, vér lif - um á líð - and-i stund - u við lokk - and-i söngv-ann-a

9 klið. Tra la la la la, tra la la la la la, tra

12 la la la la la la la la la, tra la la la la tra

15 la la la la la tra la la la la la la la la.

Vér göngum svo léttir í lundu  
því lífsgleðin brosir oss við.  
Vér lifum á líðandi stundu  
við lokkandi söngvanna klið.  
Tra lalalala....

Vér göngum og syngjum hér saman  
því söngurinn hann er vort mál.  
Og nú verður glaumur og gaman,  
nú gleðjist hver einasta sál.  
Tra lalalala....

# Vorvindar glaðir

Sænskt þjóðlag / Helgi Valtýsson

1 Vor - vind-ar glað-ir, glettn - ir og hrað-ir, geys - ast um lönd-in rétt eins og börn.

5 Læk - irn - ir skopp-a, hjal - a og hopp-a, hvíld er þeim nóg í sæ eð - a tjörn.

9 Hjart - að mitt litl - a hlust - að - u á, hó - ar nú smal-inn brún - inn - i frá.

13 Foss - bú - inn kveð-ur, kæt - ir og gleð-ur, frjálst er í fjall - a - dal.



Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir,  
geysast um löndin rétt eins og börn.  
Lækirnir skoppa, hjala og hoppa  
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.  
Hjartað mitt litla, hlustaðu á,  
hóar nú smalin brúninni frá.  
Fossbúinn kveður, kætir og gleður,  
frjálst er í fjalladal.

# Það er leikur að læra

*Þýskt lag / Guðjón Guðjónsson*

1      *Es*                      *B*                                      *Es*

Það er leik - ur að lær - a, leik-ur sá er mér kær, vit - a

6      *Es*                      *B*                                      *Es*

meir - a og meir - a, meira' í dag en í gær.

Það er leikur að læra,  
leikur sá er mér kær,  
vita meira og meira,  
meira' í dag en í gær.

Bjallan hringir. Við höldum  
heim úr skólanum glöð,  
prúð og frjálst í fasi.  
Fram nú. Allir í röð.



# Porraþræll

Þjóðlag / Kristján Jónsson



1 Nú er frost á Frón-i, frýs í æð-um blóð. Kveð-ur kuld-a-ljóð Kári' í jöt-un-móð. Yf - ir



6 lax -a -lón -i ligg-ur klak-a-þil, hlær við hríð-ar-byll ham-ra - gil. Mar-ar -



10 bár-a blá brotn-ar þung og há unn-ar stein-um á, yggld og grett á brá. Yf - ir



14 afl - a - tjón - i æðr-ast skip-stjór-inn. Harm-ar hlut-inn sinn há-set - inn.

Nú er frost á Fróni,  
frýs í æðum blóð.  
Kveður kuldaljóð  
Kári' í jötunmóð.  
Yfir laxalóni  
liggur klakapil.  
Hlær við hríðarbyll  
hamragil.  
Mararbára blá  
brotnar þung og há  
unnar steinum á,  
yggld og grett á brá.  
Yfir aflatjóni  
æðrast skipstjórinn.  
Harmar hlutinn sinn  
hásetinn.

Horfir á heyjaforðann  
hryggur búandinn:  
„Minnkar stabbinn minn,  
magnast harðindin.  
Nú er hann enn á norðan,  
næðir kuldaél  
yfir móa' og mel,  
myrkt sem hel.“  
Bóndans býli á  
björtum þeytir snjá.  
Hjúin döpur hjá  
honum sitja þá.  
Hvítleit hringaskorðan  
huggar manninn trautt,  
brátt er búrið autt,  
búið snautt.

Þögull Þorri heyrir  
þetta harmakvein  
en gefur grið ei nein,  
glíkur hörðum stein,  
engri skepnu eirir,  
alla fjær og nær  
kuldaklónum slær  
og kalt við hlær:  
„Bóndi minn, þitt bú  
betur stunda þú.  
Hugarhrelling sú,  
er hart þér þjakar nú,  
þá mun hverfa' en fleiri  
höpp þér falla' í skaut.  
Senn er sigruð þraut,  
ég svíf á braut.“

## Öxar við ána

Helgi Helgason / Steingrímur Thorsteinsson

1 Öx - ar við án - a á r - dags í ljóm - a upp rís - i þjóð - líð og skip - ist í sveit.

5 Skjót - um upp fán - a, skært lúðr - ar hljóm - a, skund - um á Þing - völl og treyst - um vor heit.

9 Fram, fram, aldr - ei að víkj - a. Fram, fram, bæði menn og fljóð.

13 Tengj - umst tryggð - a - bönd - um. Tök - um sam - an hönd - um. Stríð - um, vinn - um vorr - i þjóð.

Öxar við ána  
 árdags í ljóma  
 upp rísi þjóðlíf og skipist í sveit.  
 Skjótum upp fána,  
 skært lúðrar hljóma,  
 skundum á Þingvöll og treystum vor heit.  
 Fram, fram, aldrei að víkja.  
 Fram, fram, bæði menn og fljóð.  
 Tengjumst tryggðaböndum.  
 Tökum saman höndum.  
 Stríðum, vinnum vorri þjóð.





# Syngjandi skóli

Námsefnið *Syngjandi skóli* hefur að geyma 44 lög og kvæði. Um er að ræða sígild lög allt frá Aravísunum til Öxar við ána. Í bókinni eru löginnótnasett og kvæðin prentuð.

Hlustunarefni er fáanlegt á vef Menntamálastofnunar. Þar eru löginnótnasett og kvæðin prentuð. Hlustunarefni er fáanlegt á vef Menntamálastofnunar. Þar eru löginnótnasett og kvæðin prentuð. Hana má nota sem undirleik við söng nemenda.

Námsefnið nýtist öllum kennurum.



MENNTAMÁLASTOFNUN

05989

